



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

18. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 27. maí 2024 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Kynning frá Eflu á blágrænum ofanvatnslausnum í Túnahverfi á Borg

Á fundinn mættu María Björk Gunnarsdóttir og Bárður Árnason frá Eflu og kynntu hugmyndir um blágrænar ofanvatnslausnir í Túnahverfi á Borg.

Framkvæmda- og veitunefnd þakkar Maríu og Bárði fyrir góða kynningu og leggur til að unnið verði nánar með þær útfærslur sem koma fram í gögnunum. Rætt um að bjóða þessa landmótun út sérstaklega þegar þar að kemur en ekki sem hluta af stærra verkefni. Rætt um að gatnagerð við Skógartún verði að vera að mestu lokið áður en hægt er að ljúka við þetta verk.

2. Framkvæmdir og fjárfestingar 2024

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárfestingaáætlun ársins 2024.

Lagt fram til kynningar.

3. Bálskýli, tilboð og byggingarstjórn

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 08.05.2024 um opnun tilboða í verkið „Bálhýsi í yndisskógi“. Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Smiðsholt ehf	Grjótgás ehf	Kostnaðaráætlun
Upphæð	4.148.060 kr.	4.325.322 kr.	5.843.000 kr.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að samið verði við lægsbjóðanda, Smiðsholt ehf.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 23.04.2024 um opnun tilboða í verkið „Vatnslögn að Hlauphólum“.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 08.05.2024 um opnun tilboða í verkið „Vatnslögn að Hlauphólum“. Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Suðurtak ehf	Ólafur Jónsson	Kostnaðaráætlun
Upphæð	6.822.000 kr.	4.616.000 kr.	10.366.000 kr.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að samið verði við lægsbjóðanda, Ólaf Jónsson.

5. Minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 24.05.2024 um opnun tilboða í verkið „Hreinsistöð Borg - Niðursetning“.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 08.05.2024 um opnun tilboða í verkið „Hreinsistöð Borg - Niðursetning“. Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	JJ Pípulagnir ehf	Lóðavinna ehf	Kostnaðaráætlun
Upphæð	36.388.400 kr.	65.810.000 kr.	56.669.000 kr.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að samið verði við lægsbjóðanda, JJ Pípulagnir ehf.

6. Íþróttamiðstöð á Borg – viðbygging**a. Fundargerð verkfundar nr. 2 vegna jarðvinnu.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Fundargerð verkfundar nr. 3 vegna jarðvinnu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c. Minnisblað Eflu, dags. 24.05.2024 um val á tilboði vegna viðbyggingar við íþróttamiðstöðina á Borg.

Fyrir liggur minnisblað frá Eflu dags. 24.05.2024 um val á tilboði vegna viðbyggingar við íþróttamiðstöðina á Borg. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir þeim tilboðum sem bárust í framkvæmdina. Eftirfarandi tilboð bárust í framkvæmdina:

BJÓÐANDI:	UPPHÆÐ:	HLUTFALL:
Kostnaðaráætlun	377.708.761 kr	100%
JJ pípulagnir ehf.	338.904.826 kr	90%
Al-Bygg ehf.	387.630.332 kr	103%
Alefli ehf.	420.609.418 kr	111%
Stéttafélagið ehf.	477.934.900 kr	126%
Land og verk ehf.	494.613.645 kr	131%

Verkefnisstjóri Eflu hefur yfirfarið tilboðin og leiðrétt fyrir villum í útreikningum. Eftir opnun tilboða var óskað eftir gögnum frá lægstbjóðendum til staðfestingar á hæfi bjóðanda. Eftir yfirferð á gögnum er ljóst að hvorki JJ pípulagnir ehf. né Al-Bygg ehf. uppfylla kröfur útboðslýsingar. Eftir yfirferð á gögnum Aleflis ehf. er það mat verkefnisstjóra að kröfur útboðslýsingar séu uppfylltar.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að samið verði við Alefli ehf. um framkvæmdina.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

7. Skólalóð – Kostnaðaráætlun, verklýsing og teikningar

Fyrir liggur verklýsing ásamt kostnaðaráætlun og teikningum vegna endurnýjunar á hluta skólalóðar Kerhólsskóla.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við gögnin.

8. Vesturbyggð 1. áfangi

a. Fundargerð verkfundar nr. 5 dags. 02.05.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Fundargerð verkfundar nr. 6 dags. 21.05.2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Minnisblað dags. 14.05.2024 af fundi sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar vegna umsagnar VG um aðalskipulag G&G. íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1.

Fyrir liggur minnisblað af fundi sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar vegna umsagnar Vegagerðarinnar um aðalskipulag G&G. íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1. Í minnisblaðinu kemur fram að rætt hafi verið um veltengingu sem sýnd er á aðalskipulagsbreytingu sveitarfélagsins sem er í vinnslu og sýnir veltengingu að áætluðu hringtorgi sem mögulega kemur á næstu árum. Hringtorgið er ekki sýnt á skipulagi né komið inn í áætlanir Vegagerðarinnar.

Framkvæmda- og veitunefnd telur nauðsynlegt að gera ráð fyrir hringtorgi í aðalskipulagi á þessum stað miðað við þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á svæðinu í náinni framtíð. Nefndin leggur til að sveitarstjórn haldi hringtorginu inni í sínum skipulagsáætlunum.

10. Vaðnes

a. Minnisblað ÍSOR dags. 21.05.2024 um borun og mælingar á holu VN-34 í landi Vaðness.

Fyrir liggur minnisblað sem inniheldur samantekt um borun og mælingar á holu VN-34 í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í minnisblaðinu stiklað á stóru varðandi framkvæmdina.

Lagt fram til kynningar.

b. Næstu skref

Næstu skref eru að gera mælingar á holunni og hvort vinnsla úr þessari holu hafi áhrif á núverandi vinnsluholu. Jafnframt þarf að rannsaka efnasamsetningu vatnsins.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:40